

## III. KAFLI

## 11. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda. Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi hitaveitunnar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnar og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins, nr. 92, 6. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 340, 5. júlí 1988.

*Iðnaðarráðuneytið, 10. apríl 1989.*

F. h. r.

**Árni Þ. Arnason.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Eyra.

## I. KAFLI

## 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

## II. KAFLI

## 3. gr.

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli, fyrir hvern rúmmetra vatns . . . . . kr. 63,56

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

## 4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald.

- a) fyrir mæla til og með ½“–1“ . . . . . kr. 655,00  
 b) fyrir mæla 1¼“–2“ . . . . . kr. 1 310,00

## 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það kr. 400,00.

## 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

## 7. gr.

Heimædagjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Heimædagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Rúmmál húsa (utanmál)	Heimæðargjald	
Allt að 500 m <sup>3</sup>	kr. 51 020,00	+ 102,03 kr/m <sup>3</sup>
500–2 000 m <sup>3</sup>	kr. 101 220,00	fyrir 500m <sup>3</sup> + 68,13 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
2 000–6 000 m <sup>3</sup>	kr. 204 080,00	fyrir 2 000m <sup>3</sup> + 51,00 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
Meira en 6 000 m <sup>3</sup>	kr. 408 165,00	fyrir 6 000m <sup>3</sup> + 39,36 kr/m <sup>3</sup> þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða . . . . . kr. 8 083,00  
 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

## 8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðar-ráðuneytinu hverju sinni.

## 9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá sem vanskilum veldur . . . . . kr. 729,00 hverju sinni.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. apríl 1989, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins, nr. 135, 30. mars 1989. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 285, 3. júní 1988.

*Iðnaðarráðuneytið, 10. apríl 1989.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Laugaráss, Laugarási, Biskupstungum.

## 1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Hitaveitan lætur notendum sínum í té það vatnsmagn, sem samið hefur verið um við Laugaráslæknishérað eða Biskupstungnahrepp og hitaveituna.

## 3. gr.

Hitaveitan stillir hámarksrennsli til hvers notanda. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu heita vatnsins við hámarksstillingu. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki skemmri tíma en 2 mánuði samfellt og ekki lengri tíma en 6 mánuði.

## 4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta inntaksstillingu þeirri, sem um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir inntaksstillingu eftir óskum notenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið en síðan að jafnaði einungis einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitustjóra fyrir 1. janúar ár hvert. Skylt er notanda að tilkynna hitaveitustjóra breytingar á hitakerfum, sem raskað geta mælingu.